

Umsækjandi:

Nafn		Kennitala
Heimilisfang, póstnúmer og staður	Netfang ☐ Senda tilkynningar á þetta netfang	Símanúmer
Nafn tengiliðs (ef umsækjandi er lögaðili)	Netfang ☐ Senda tilkynningar á þetta netfang	Símanúmer

- ☐ Umsókn um nýja skjalaábyrgð
- ☐ Umsókn um breytingu á skjalaábyrgð

Fjárhæð ábyrgðar	Leyfileg frávik fjárhæðar Til hækkunar: %	Leyfileg frávik fjárhæðar Til lækkunar: %	Ábyrgðin gildir til
------------------	--	--	---------------------

Banki erlendis	Seljandi
Erlendur bankakostnaður greiðist af ☐ Kaupanda ☐ Seljanda	Ábyrgðin skal vera ☐ Staðfest (Confirmed) ☐ Óstaðfest (Unconfirmed) ☐ Framseljanleg (Transferable)

Vörulýsing á ensku	Flutningsmiðlari
Leyfilegt frávik í magni til hækkunar: %	Dagsetning útskipunar í síðasta lagi:
Leyfilegt frávik í magni til lækkunar: %	Útskipunarhöfn (Port of Loading):
Hlutaafgreiðsla leyfð: ☐ Já ☐ Nei	Uppskipunarhöfn (Port of Discharge):
Umhleðsla leyfð: ☐ Já ☐ Nei	Móttökustaður (Final Destination):
Flutningsskilmálar: ☐ CIF ☐ CFR ☐ FAS ☐ FOB ☐ EXW ☐	Staður:

Ábyrgðin greiðist:

Ábyrgðin greiðist gegn framvísun neðangreindra skjala:

☐ Við sýningu	☐ Vörureikningar í eintökum	☐ Vátryggingaskírteinin sem tekur að lágmarki til 110% af andvirði vörureikninga
☐ dögum eftir sýningu	☐ Skipsfarmskírteini	
☐ dögum eftir útskipun	☐ Flugfarmskírteini	
☐ Aðrir greiðsluskilmálar:	☐ Kvittun flutningsmiðlara	☐ Annað:
	☐ EUR skírteini	

Skjöl skulu sýnd í banka innan daga eftir útskipun, en innan gildistíma ábyrgðarinnar.
Sýningarfrestur er 21 dagur nema annað sé tekið fram.

Annað sem umsækjandi vill taka fram

Skuldfærslureikningur

Banki – Hb – Reikningsnúmer	Umsækjanda ber að greiða gjöld vegna ábyrgðarinnar, þ.m.t. þóknun, umsýslugjald og annan kostnað, samkvæmt verðskrá Landsbankans hverju sinni. Með undirritun sinni heimilar umsækjandi Landsbankanum að skuldfæra gjöldin af skuldfærslureikningi sínum.
-----------------------------	---

Um ábyrgðina gilda samræmdar vinnureglur Alþjóða verslunarráðsins (ICC International Chamber of Commerce) um bankaábyrgðir, eins og þær eru hverju sinni, "Uniform Customs and Practice for Documentary Credits" nema annað sé sérstaklega tekið fram í skilmálum ábyrgðarinnar.

Umsækjandi skuldbindur sig hér með til að standa skil á ábyrgðarfjárhæðinni, auk vaxta og kostnaðar, og skal bankanum heimilt að skuldfæra reikning umsækjanda ábyrgðarinnar til uppgjörs á skuld skv. framangreindu, ásamt innlendum og erlendum bankakostnaði jafnóðum og hann myndast.

Vextir skulu reiknast af fjárhæð ábyrgðarinnar frá þeim degi sem bankinn greiðir skv. skilmálum hennar og þar til að umsækjandi greiðir bankanum að fullu og skulu vera dráttarvextir skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafli laga 38/2001 um vexti og verðtryggingu, til greiðsludags í bankanum.

Umsækjanda skal heimilt að tilgreina hvort heldur sem er skuldfærslureikningur í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Ef uppgefinn skuldfærslureikningur er í íslenskum krónum, en greiðsla sem bankanum ber að greiða skv. skilmálum ábyrgðarinnar í erlendri mynt, skal bankanum heimilt að umreikna skuld ábyrgðarumsækjanda í erlendri mynt yfir í íslenskar krónur miðað við skráð sölugengi bankans og skuldfæra reikninginn tveimur virkum dögum áður en greiðsludagur ábyrgðarinnar rennur upp. Ef öðruvísi háttar til skal skuld skv. ábyrgð þessari skuldfærð af reikningi umsækjanda sama dag og bankinn greiðir samkvæmt skilmálum hennar.

Eftir því sem við á hverju sinni skulu öll skjöl sem afhent eru bankanum vera handveðsett honum. Veðsetningin skal vera til tryggingar skilvísri greiðslu á skuld umsækjanda við bankann vegna ábyrgðarinnar þar til greiðsla hefur átt sér stað að fullu. Þar með skal bankanum bæði heimil ráðstöfun vara þeirra sem skjölin ná til, t.d. til að selja þær, og áritun eða framsal skjala til annarra, þegar svo háttar til. Komi til þess að fullnusta þurfi skuld umsækjanda samkvæmt ábyrgðinni er bankanum heimilt að ráðstafa skjölum og/eða vöru með þeim hætti sem bankinn telur heppilegastan og viðeigandi til fullnustu skuldarinnar.

Umsækjanda er ljóst að bankinn hefur ekki bein afskipti af réttri fullnustu samnings á milli seljanda og kaupanda. Skylda bankans felst eingöngu í því að taka við skjölum fyrir hönd umsækjanda í samræmi við fyrirmæli þau, sem tilgreind voru við opnun þessarar ábyrgðar.

Til staðfestingar ofangreindu er skjal þetta undirritað með eiginhandarundirskrift. Ef skjalið er undirritað með rafrænum hætti skal það undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Staður og dagsetning

Undirritun